



## Bæjarstjórn Garðabæjar 13. (872)/2020

Boðað er til 13. (872). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 17. september 2020 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

### Dagskrá:

1. 2009010F - Fundargerð bæjarráðs frá 8/9 '20.
2. 2009019F - Fundargerð bæjarráðs frá 15/9 '20.
  - 2008336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis 5.04 Vþ í Urriðaholti.
  - 1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.
  - 2006070 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 12.
  - 2007640 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar við Frjóakur 9.
  - 2006153 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi erindi Lækjarkórs um heimild til að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir Sveinskotsreit.
  - 2005435 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunholts vestra vegna lóðarinnar við Brekkuás 2.
  - 2008275 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna raðhúsalóðanna við Mariugötu 23-29.
  - 2007394 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna raðhúsalóðanna við Mariugötu 31-37.
  - 2007239 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 42.
  - 2003086 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi grenndarkynningu umsóknar um byggingarleyfi vegna framkvæmda á lóðinni við Lyngmóa 3.
  - 1902106 - Afgreiðsla umhverfisnefndar varðandi tillögu um friðlýsingu Garðahrauns og strandlengjunnar á Álftanesi.
3. 2008028F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 2/9 '20.



4. 2009015F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 10/9 '20.
5. 2009014F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 10/9 '20.
6. 2001426 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 31/8 '20.
7. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/9 '20.
8. 2009306 - Tillaga að undirbúningi íþróttahátíðar og menningarhátíðar í fjölnota íþróttahúsi í Vetrarmýri
9. 2009303 - Tillaga Garðabæjarlistans um árshlutauppgjör.

Gunnar Einarsson,  
bæjarstjóri.

**Bæjarstjórn Garðabæjar**  
**12. (871). fundur 2020**

Fimmtudaginn 3. september 2020 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Guðfinnur Sigurvinsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Valborg Ösp Á Warén.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Fundurinn er hljóðritaður.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 20. ágúst 2020 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2008018F - Fundargerð bæjarráðs frá 25/8 '20.**

Enginn tók til máls.

Fundargerðin sem er 10 tl. er samþykkt samhljóða.

**2. 2008029F - Fundargerð bæjarráðs frá 1/9 '20.**

Gunnar Einarsson, ræddi 17. tl., bréf Hrafnistu varðandi endurskoðun samnings um rekstur hjúkrunarheimilis og lagði fram svohljóðandi bókun og tillögu.

„Samkvæmt lögum um málefni aldraðra ber ríkið ábyrgð á heilbrigðisþjónustu við aldraða þar með talið rekstri hjúkrunarheimila.

Daggjöld sem ríkið ákvarðar einhliða og greiðir til reksturs hjúkrunarheimilisins Ísafoldar duga ekki til að standa undir rekstri samkvæmt þeim kröfum sem gerðar er af landlækni og heilbrigðisráðuneytinu. Garðabær hefur í mörg undanfarin ár greitt með rekstrinum til að hjúkrunarheimilið geti sinnt skyldum sínum gagnvart heimilisfólki og gerir enn samkvæmt samningi við Sjómannadagsráð. Sjómannadagsráð hefur óskað eftir endurskoðun á þeim samningi þar sem mun verr hefur gengið að ná niður taprekstri hjúkrunarheimilisins en áformað var m.a. vegna ónógra tekna sem lögum samkvæmt eiga að koma frá ríkinu í formi daggjalda.

Komi ekki til viðbótarfjármagn frá ríkinu til reksturs Ísafoldar og Sjómannadagsráð segir sig frá samningi við Garðabæ samþykkir bæjarstjórn Garðabæjar að fela bæjarstjóra að undirbúa að afhenda ríkinu reksturinn.“

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 24. tl., tillögur um almenningssamgöngur í Urriðaholti.

Ingvar Arnarson, ræddi 17. tl., bréf Hrafnistu varðandi endurskoðun samnings um rekstur hjúkrunarheimilis og tók undir framlagða bókun. Þá ræddi Ingvar ræddi 24. tl., tillögur um almenningssamgöngur í Urriðaholti og lagði fram svohljóðandi bókun.

„Garðabæjarlistinn fagnar þeirri ákvörðun að bæta almenningssamgöngur við Urriðaholt. Þessi þjónusta er mikilvæg fyrir íbúa og uppbyggingu hverfisins. Einnig er mikilvægt að það sé hvetjandi að nota almenningssamgöngurnar og þá skiptir miklu máli að hafa fastar áætlunarferðir. Garðabæjarlistinn leggur áherslu á að sem flestar ferðir verði fastar í áætlun og vonandi að eftir að tilraunaverkefniinu líkur þann 1. sept 2021 verði komnar forsendur fyrir fleiri ferðum á fastri áætlun.“

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 17. tl., bréf Hrafnistu varðandi endurskoðun samnings og rekstur hjúkrunarheimilis og tók undir framlagða bókun. Þá ræddi Sara Dögg 24. tl., tillögur um almenningssamgöngur í Urriðaholti.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., Covid-19, fjárhagslegar aðgerðir og lagði fram svohljóðandi bókun sem hann leggur fram ásamt Ingvari Arnarsyni.

„Ljóst er að verulegt tekjutap og kostnaðarauki verður hjá sveitarfélögum um allt land vegna Covid 19 árið 2020 og 2021. Samkvæmt niðurstöðum starfshóps um fjármál sveitarfélaga er áætlað að samanlögð rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna allra verði verri um sem nemur 26.6 milljörðum á árinu 2020. Að auki er gert ráð fyrir auknum fjárfestingum, til örvunar efnahagslífs sem nema 6.5 milljörðum króna. Í samantekt fjármálastjóra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu er tekjutapið á árinu 2020 áætlað um 19 milljarðar króna og kostnaðarauki um 8 milljarðar króna. Áætlað tekjutap og kostnaðarauki fyrir Garðabæ er um 1.3 milljarða króna á árinu 2020.

Það er mikilvægt að ríkissjóður komi að málum með almennum aðgerðum, beinum fjárhagslegum stuðningi til að verja þjónustu og starfsemi sveitarfélaganna. Almenn er ríkissjóður í betri aðstöðu en sveitarfélögin til að skuldbinda sig með tilliti til tekjuöflunar og lánskjara. Slík ráðstöfun myndi koma í veg fyrir mikið tjón til framtíðar fyrir íbúa landsins.

Verði efnahagslegum áhrifum af faraldrinum velt yfir á fjárhag sveitarfélaga sem eingöngu verði mætt með stórauðinni lántöku, er ljóst að það hefur langvarandi áhrif á alla þjónustu við íbúa og nauðsynlegar framkvæmdir. Auknar skuldir munu óhjákvæmilega hafa í för með sér niðurskurð og skerta getu sveitarfélaga til að sinna lögbundnum verkefnum.

Bæjarstjórn Garðabæjar skorar á ríkisstjórn Íslands að bregðast við tekju- og kostnaðarvanda sveitarfélaganna með almennum aðgerðum til viðbótar þeim nauðsynlegu sértæku aðgerðum sem hafa litið dagsins ljós og eru til umræðu.“

Björg Fenger, ræddi 24. tl., tillögur um almenningssamgöngur í Urriðaholti og 23. tl., bréf OSS ehf varðandi leyfi og aðstöðu fyrir rafrennur og rafhjól í Garðabæ.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., Covid-19, fjárhagslegar aðgerðir og framlagða bókun.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 24. tl., tillögur um almenningssamgöngur í Urriðaholti.

Almar Guðmundsson, ræddi 2. tl., Covid-19, fjárhagslegar aðgerðir.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., Covid-19, fjárhagslegar aðgerðir, 24. tl., tillögur um almenningssamgöngur í Urriðaholti og 10. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Smalahólts.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., Covid-19, fjárhagslegar aðgerðir og framlagða bókun.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 2. tl., Covid-19, fjárhagslegar aðgerðir og framlagða bókun. Þá ræddi Áslaug Hulda 1. tl., Covid-19 – hættustig almannavarna.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., Covid-19, fjárhagslegar aðgerðir.

Gunnar Einarsson, ræddi 2. tl., Covid-19, fjárhagslegar aðgerðir.

#### *Afgreiðsla mála*

Bæjarstjórn samþykkir tillögu um að komi til uppsagnar Hrafnistu á samningi um rekstur hjúkrunarheimili er bæjarstjóra falið að undirbúa að afhenda reksturinn til ríkisins.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að lýsingu samkvæmt 1. mgr. 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar vegna svæðis í Urriðaholti, merktu 5.04 VÞ. Tillagan gerir ráð fyrir að í skilmálum komi fram heimild fyrir íbúðarbyggð innan reitsins. Leita

skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagstofnun, öðrum umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi. (Mál nr. 2008336)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að endurauglýsa tillögu að lýsingu fyrir deiliskipulag 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts samkvæmt 30. gr. skipulagslaga. Endurauglýsing tillögunnar skal birt samhliða auglýsingu á tillögu að lýsingu vegna breytingu á aðalskipulagi, sjá lið 4 í fundargerð. (Mál nr. 1811125)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar við Ljósakur 6. (Mál nr. 1810120)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Silfurtúns vegna lóðarinnar við Aratún 36. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og barst ein athugasemd. Svar við athugasemd liggur fyrir. Samþykkt tillaga skal send Skipulagsstofnun og auglýst um samþykkt hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 2003384)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna byggingar utan byggingarreits á lóðinni við Stórákur 6. (Mál nr. 2008122)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðrahólts og Smalahólts í Kópavogi. (Mál nr. 2007767)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu bæjarráðs um almenningssamgöngur í Urriðaholti Um er að ræða tilraunaverkefni september 2020 - september 2021. (Mál nr. 2008447)

Fundargerðin sem er 24 tl. er samþykkt samhljóða.

### **3. 2008010F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 19/8 '20.**

Almar Guðmundsson, ræddi 2.tl., endurskoðun reglna um félagslegt húsnæði. Þá ræddi Almar tölulogar upplýsingar sem fjölskyldusvið heldur utan um og farið er yfir reglulega.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., endurskoðun reglna um félagslegt húsnæði.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 2. tl., endurskoðun reglna um félagslegt húsnæði og lagði fram svohljóðandi bókun.

„Garðabæjarlistinn fagnar góðri vinnu og ítrekar mikilvægi gagnsæisins þegar kemur að öllum ferlum innan stjórnsýslunnar. Gagnsæið er til þess fallið að styðja við fagleg vinnubrögð og tryggja skýran og faglegan vinnuramma til að starfa eftir. Það er okkar hlutverk að tryggja.“

Fundargerðin lögð fram.

### **4. 2008024F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 28/8 '20.**

Björg Fenger, ræddi 4., tl., merkingu göngu- hlaupa- og hjólaleiða í Garðabæ, 5. tl., gagnaöflun og úrvinnslu varðandi heilsuefningu í Garðabæ, 6. tl., markaðssetningu kvennaíþróttar. Fram kom að um er að ræða verkefni sem unnin voru af starfsmönnum í sumarvinnu hjá Garðabæ. Þá ræddi Björg 8. tl., forvarnarviku Garðabæjar 13. tl., Covid-19, aðgerðir í íþróttamiðstöðvum og önnur mál er varða framkvæmdir við fjölnota íþróttahús, byggingu æfingaaðstöðu GKG, og framkvæmdir við endurbætur á gólfi og lýsingu í íþróttamiðstöðinni á Álftanesi.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 5. tl., gagnaöflun og úrvinnslu varðandi heilsuefningu í Garðabæ og 11. tl., beiðni Stjórnunnar um að taka við rekstri á íþróttahúsinu Mýrinni.

Ingvar Arnarson, ræddi 5. tl., gagnaöflun og úrvinnslu varðandi heilsueflingu í Garðabæ og 11. tl., beiðni Stjórnunnar um að taka við rekstri á íþróttahúsinu Mýrinni.

Björg Fenger, ræddi 5. tl., gagnaöflun og úrvinnsla Heilsueflandi Garðabær og 11. tl., beiðni Stjórnunnar um að taka við rekstri á íþróttahúsinu Mýrinni.

Almar Guðmundsson, ræddi 11. tl., beiðni Stjórnunnar um að taka við rekstri á íþróttahúsinu Mýrinni. Þá vék Almar að verkefnum sumarvinnufólks og þakkaði fyrir góða vinnu og greinargóð gögn.

Gunnar Einarsson, ræddi 11. tl., beiðni Stjórnunnar um að taka við rekstri á íþróttahúsinu Mýrinni.

Fundargerðin lögð fram.

#### **5. 2008022F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 31/8 '20.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., menningardagskrá fyrir skólahópa á haustönn 2020, 3. tl., fund með mennta- og menningarmálaráðherra um Hönnunarsafn Íslands og 9. tl., önnur menningarmál.

Valborg Ösp Á Warén, ræddi menningarmál og samstarf við ungmennaráð vegna viðburða.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi menningardagskrá fyrir skólahópa á haustönn 2020 og 3. tl., fund með mennta- og menningarmálaráðherra um Hönnunarsafn Íslands. Þá ræddi Áslaug Hulda nauðsyn þess að ræða málefni Fjölbautaskólans í Garðabæ við mennta- og menningarmálaráðherra.

Björg Fenger, ræddi menningarmál og samstarf við ungmennaráð og 3. tl., fund með mennta- og menningarmálaráðherra um Hönnunarsafn Íslands.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi menningarmál og samstarf við ungmennaráð vegna viðburða og 3. tl., fund með mennta- og menningarmálaráðherra um Hönnunarsafn Íslands. Gunnar Valur upplýsti að málefni Fjölbautaskólans í Garðabæ hafi borið á góma í viðræðum við ráðherra um starfsemi hönnunarsafnsins.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 3. tl., fund með mennta- og menningarmálaráðherra um Hönnunarsafn Íslands. Þá ræddi Sara Dögg málefni Fjölbautaskólans í Garðabæ.

Gunnar Einarsson, ræddi 3. tl., fund með mennta- og menningarmálaráðherra um Hönnunarsafn Íslands.

Fundargerðin lögð fram.

#### **6. 2008019F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 27/8 '20.**

Fundargerðin lögð fram.

#### **7. 2001425 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 14/8 '20.**

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., forsendur fjárhags- og starfsáætlunar 2021 og 3. tl., kostnaðargreiningu rekstrar og fjárfestingargetu Strætó og 4. tl., nýtt leiðanet.

Fundargerðin lögð fram.

## **8. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 7/8 '20.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl. samgöngusáttmálann.

Fundargerðin lögð fram.

## **9. 2008391 - Stofnun opinbers hlutafélags - Betri samgöngur ohf.**

Gunnar Einarsson, gerði grein fyrir tillögu um stofnun opinbers hlutafélags með aðild ríkissjóðs, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar og Garðabæjar sem hefur það hlutverk að standa að uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu. Gunnar lýsti nánar helstu verkefnum félagsins.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að taka þátt í að stofna opinbert hlutafélag, Betri samgöngur ohf., um uppbyggingu samgönguinnviða með aðild ríkissjóðs, Hafnarfjarðarkaupstaðar, Kópavogsbæjar, Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar og Seltjarnarnesbæjar, sbr. heimild í 1. gr. laga nr. 81/2020 um heimild til að stofna opinbert hlutafélag um uppbyggingu samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu, og leggi félaginu til hlutafé við stofnun þess með áskrift hluta að nafnvirði kr. 72.704,- í samræmi við fyrirhugaðan eignarhlut Garðabæjar í félaginu eða 1,818%.

Greiðsla hlutafjár verður með þeim hætti að Garðabær innir af hendi kr. 72.704,- með eingreiðslu í reiðufé til félagsins samhliða stofnun þess.

Í samræmi við framangreint samþykkir bæjarstjórn Garðabæjar stofnsamning og hluthafasamkomulag fyrir Betri samgöngur ohf., sbr. hjálögð skjöl sem liggja fyrir á fundinum, og felur bæjarstjóra að undirrita þessi skjöl fyrir hönd Garðabæjar.“

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um stofnun opinbers hlutafélags um uppbyggingu samgönguinnviða.

## **10. 2005438 - Endurskoðun reglna um félagslegt leiguhúsnæði Garðabæjar.**

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða reglur um félagslegt leiguhúsnæði Garðabæjar.

## **11. 2009024 - Samkeppni um 6 deilda leikskóla í Urriðaholti.**

Áslaug Hulda Jónsdóttir, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að efna til samkeppni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands um hönnun leikskóla í Urriðaholti.

Skipa skal fimm manna dómnefnd vegna samkeppninnar og skal hún skipuð þremur fulltrúum tilnefndum af Garðabæ og tveimur fulltrúum frá Arkitektafélagi Íslands.

Dómnefndin skal semja keppnislýsingu og gera nánari afmörkun á verkefninu. Gera skal ráð fyrir að samkeppnin hefjist á árinu 2020.“

Greinargerð:

Í deiliskipulagi sem samþykkt var 28. janúar 2014 fyrir norðurhluta 1 í Urriðaholti er gert ráð fyrir 6.176 m<sup>2</sup> lóð undir leikskóla. Leikskólalóðin er við Holtsgveg neðan götu og opnast út að grænu svæði sem liggur frá efri hluta holtsgangs niður í átt að Kaupúni.

Íbúðabyggð í Urriðaholti er í örum vexti og búa nú um 2500 íbúar á svæðinu. Gert er ráð fyrir að íbúafjöldi verði í hverfinu fullbyggðu um 5000. Í Urriðaholtsskóla eru nú 156 börn á leikskólaaldri í 7 deildum. Í stefnuskrá Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ eru fyrirheit um að skoða möguleika á lausnum fyrir foreldra vegna vistunar barna um leið og fæðingarorlofi lýkur. Jafnframt að inntaka í leikskóla sveitarfélagsins verði a.m.k. tvisvar á ári. Fyrirhugaður 6 deildar leikskóli er meðal annars til að koma til móts við þau markmið.

Bæjarstjóra er falið að undirbúa framgang ofangreindrar tillögu og upplýsa bæjarráð reglulega um stöðu verkefnisins.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu að efna til samkeppni í samstarfi við Arkitektafélag Íslands um hönnun leikskóla í Urriðaholti.

## **12. 2009025 - Tillaga að Garðabær hefji söfnun á lífrænum úrgangi.**

Jóna Sæmundsdóttir, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu sem hún flytur ásamt Ingvari Arnarsyni.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að tækni- og umhverfissviði verði falið að kanna kostnað og möguleika á sérsöfnun á lífrænum úrgangi í sveitarfélaginu. Skoða þarf mögulegar útfærslur á söfnunartunnum, bæði við heimili og grenndargáma. Hugsa má verkefnið sem tilraunaverkefni.“

Greinargerð:

Ekki verður leyft að urða lífrænan úrgang hér á landi frá og með árinu 2021, samkvæmt lagafrumvarpi sem lagt verður fram á Alþingi 2020-2021

Tilgangur með uppbyggingu Gas- og jarðgerðarstöðvar Sorpu er að hætta urðun lífræns- og brennanlegs úrgangs og um leið spara útblástur sem nemur 90 þúsund tonnum af koltvísýringi árlega. Þetta er mikilvægt m.t.t. sjálfbærni hringrásarhagkerfisins og betri farvegur til flokkunar á heimilum styður við þá þróun.

Samkvæmt árlegum rannsóknnum SORPU á sorpi frá heimilum kemur í ljós að mjög hefur dregið úr magni pappá, pappírs og plasts sem berst til Sorpu í sorptunnum heimila á sama tíma og eldhúsúrgangur hefur aukist lítillega.

Mikilvægt er að flokka endurvinnsluefni eins og pappír, plast, textíl, gler og hættulegan úrgang eins og spilliefni í þar til gerða farvegi - í pappírstunnur, grenndargáma og á endurvinnslustöðvar SORPU. Þannig hámarkum við nýtingu og virði mismunandi efnistegunda og aukum möguleika á nýtingu þeirra og endurvinnslu sem er þá í takti við hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins. Markmiðið er að orkutunnan innihaldi sem minnst af öðrum efnunum en lífrænum úrgangi.

Að bjóða íbúum upp á sérsöfnun á lífrænum úrgangi mun að öllum líkindum leiða til minni matarsóunar, styður það við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga neyslu sem og heimsmarkmið um aðgerðir í loftslagsmálum.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða tillögu um að kanna kostnað og möguleika á sérsöfnun á lífrænum úrgangi.

## **13. 2009017 - Tillaga Garðabæjarlistans vegna fjárhagsáætlunar 2021 - forgangsröðun uppbyggingar leik- og grunnskóla.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til eftirfarandi forgangsröðun verkefna við uppbyggingu leik- og grunnskóla samkvæmt fjárhagsáætlun 2021

Bygging nýs leikskóla í Urriðaholti í útboð

Lóð efst á Hnoðraholti, (samfélagslóð - reitur 4.05 í aðalskipulagi) verði tekin til deiliskipulags í Hnoðraholti Norður og skipulögð sem leikskólalóð samhliða áformunum um uppbyggingu á hverfinu. Lóðin yrði hönnuð fyrir 4 eða 6 deilda leikskóla. Með því að deiliskipuleggja leikskólalóðina samhliða deiliskipulagningu hverfisins er tryggt að þjónusta leikskólans taki mið af þörfum íbúa hverfisins.

Lóð undir leik- og grunnskóla sé skipulögð og tekin inn á núverandi deiliskipulag í auglýsingu í Vetrarmýri. Með því að deiliskipuleggja lóð undir þessa þjónustu strax frá upphafi er hægt að veita vissu um hvar og hvernig þjónustan verður.

Samhliða nýjum leikskóla í Hnoðraholti sem hannaður yrði með sérstaka ungbarnadeild yrði óhagkvæmar eða úreltar leikskóladeildir lokaðar.

Tryggja þarf leikskóla í Lyngáshverfi og hann sé skipulagður og hannaður áður en uppbygging hefst. Sá leikskóli þarf að vera hagkvæm rekstrareining fyrir börn frá 12 mánaða aldri.



Farið verði í framkvæmdir á næsta hluta Urriðaholtsskóla.”

Sigurður Guðmundsson, tók til máls um framkomna tillögu og lagði til að henni verði vísað til umfjöllunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Valborg Ösp Á Warén, tók til máls um framkomna tillögu.

Almar Guðmundsson, tók til máls um framkomna tillögu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, tók til máls um framkomna tillögu

Ingvar Arnarson, tók til máls um framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, tók til máls um framkomna tillögu.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til frekari umfjöllunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

#### **14. 2009018 - Tillaga Garðabæjarlistans vegna fjárhagsáætlunar 2021 - stafræn tækni og rafræn þjónusta.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til forgangsröðun verkefna í þágu betri þjónustu við íbúa með því að ráðast í þau stafrænu verkefni sem þegar hafa verið kortlögð. Lagt er til að Garðabær flýti fyrirhuguðum verkefnum sem snúa að rafrænni þjónustu sveitarfélagsins.“

Sigurður Guðmundsson, tók til máls um framkomna tillögu lagði til að henni verði vísað til umfjöllunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til frekari umfjöllunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

#### **15. 2009020 - Tillaga Garðabæjarlistans vegna fjárhagsáætlunar 2021 - tímabundin ráðning í stoðþjónustu.**

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu.

„Garðabæjarlistinn leggur til að lagt verði mat á aukið álag á félagsþjónustuna við þær aðstæður sem nú eru uppi og þörfinni mætt með tímabundnum ráðningum til að styðja við þjónustuna.“

Sigurður Guðmundsson, tók til máls um framkomna tillögu lagði til að henni verði vísað til umfjöllunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til frekari umfjöllunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar 3. september 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Sigurður Guðmundsson, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)  
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Guðfinnur Sigurvinsson, (sign)  
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)  
Valborg Ósp Á Warén, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Gunnar Valur Gíslason, (sign)  
Gunnar Einarsson, (sign)

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**35. (1943). fundur 2020**

Þriðjudaginn 8. september 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Bergljót K. Sigurbjörnsdóttir, félagsmálastjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, og Hulda Hauksdóttir upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001444 - COVID19 - hættustig almannavarna.**

Bæjarstjóri sagði frá fundi almannavarna sl. föstudag og fór nánar yfir helstu áherslur sem fram komu á fundinum. Farið var yfir kynningarefni frá fundinum. Nýjar reglur um takmörkun á samkomum vegna farsóttar tóku gildi í gær. Þar sem m.a. er kveðið á um að fjöldatakmörkun hækki úr 100 í 200 og nálægðartakmörkun breytist úr 2 metrum í 1 metra.

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1, 2 og 3.

**2. 2005424 - COVID19 - eftirfylgni með stöðu barna.**

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og félagsmálastjóri gerðu grein fyrir störfum starfshóps sem skipaður var samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar frá 7. maí sl. til að styðja við aðgerðir Garðabæjar til að tryggja eftirfylgni með stöðu barna. Starfshópurinn hefur komið saman þrisvar sinnum og hefur fylgst með fjölmörgum atriðum er varðar stöðu barna. Sérstaklega hefur verið fylgst með líðan barna sem búa við erfiðar félagslegar aðstæður og börnum af erlendum uppruna. Fulltrúar í starfshópnum hittast reglulega utan hefðbundinna funda og eru í góðu samstarfi við skólustjórnendur, forstöðumenn félagsmiðstöðva, forsvarmenn frjálsra félaga o.fl.

Verið er að móta tillögur um götuvatn þar sem fylgst verður með hópamyndun o.fl. Í því sambandi hefur verið rætt um samstarf sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu.

**3. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024) - forsendur.**

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri kom á fund bæjarráðs og gerði grein fyrir forsendum og vinnuferlum vegna vinnu við gerð fjárhagsáætlunar 2021 (2021-2024). Fjárhagsáætlun verður lögð fram í bæjarráði 27. október 2020 og tekin til fyrri umræðu í bæjarstjórn 5. nóvember 2020. Síðari umræða í bæjarstjórn er fyrirhuguð 3. desember 2020. Bæjarráð samþykkir forsendur og verkferla fjárhagsáætlunar 2021-2024.

**4. 2009055 - Bréf IOGT um neikvæð áhrif áfengis, dags. 24.08.20.**

Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í íþrótt- og tómstundaráði, fjölskylduráði og ungmennaráði.

**5. 2006153 - Erindi Lækjakórs um heimild til að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir Sveinskots-reit, dags. 03.09.20.**

Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar skipulagsnefndar.

**6. 2008639 - Bréf Styrktarsjóðs Garðasóknar varðandi ársreikning 2019, dags. 01.09.20.**  
Lagt fram.

Ingvar Arnarson, lagði fram eftirfarandi bókun:

„Garðabæjarlistinn telur það skjóta skökku við að styrktarsjóður Garðasóknar hafi fjárveitingarvald úr bæjarsjóði. Samkvæmt samþykktum sjóðsins hefur bæjarsjóður Garðabæjar skuldbundið sig til að jafna árlegt framlag Garðasóknar. Að auki er sérstakt að gefa sjóð, sem stendur í 20 milljónum og ávaxtaði fé sitt um ca. 1,4 milljónir á milli ára, 1,6 milljónir af skattpeningum Garðbæinga. Við teljum þeim peningum betur varið í að styrkja félagsþjónustu bæjarins.“

**7. 2007276 - Afgreiðsla íþrótt- og tómstundaráðs um styrk til tveggja almenningsíþróttaviðburða.**

Bæjarráð staðfestir samþykkt íþrótt- og tómstundaráðs um að veita styrk að fjárhæð kr. 200.000 vegna tveggja almenningsíþróttaviðburða, fjallahjólakeppni og hlaupakeppninni Eldslóðin. Styrkurinn er veittur með því skilyrði að hann fari til að greiða þóknun til frjálsra félaga eða samtaka innan Garðabæjar sem aðstoða við framkvæmd viðburðanna.

**8. 2009050 - Erindi Alþjóða Geðheilbrigðisdagsins um styrk, dags. 01.09.20.**

Bæjarráð vísar bréfinu til afgreiðslu bærarstjóra.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 8. september 2020 upplestin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bjarfulltrúa.

**Bæjarráð Garðabæjar**  
**36. (1944). fundur 2020**

Þriðjudaginn 15. september 2020 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs og Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2001444 - COVID19 - hættustig almannavarna.**

Bæjarstjóri sagði frá fundi almannavarna sl. föstudag og fór nánar yfir helstu áherslur sem fram komu á fundinum. Bæjarstjóri kynnti samantekt frá samráðsfundi sem haldinn var undir heitinu „að lifa með veirunni“.

Sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs sagði frá stöðu mála í skólunum.

Sara Dögg Svanhildardóttir, bæjarfulltrúi sat fund bæjarráðs undir dagkrarliðum 1 og 2.

**2. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 (2021-2024).**

Á fund bæjarráðs kom Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri og gerði grein fyrir vinnu við undirbúning fjárhagsáætlunar og kom fram að verið er að ganga frá vinnugögnum og öðrum upplýsingum sem send verða til forstöðumanna. Fjármálastjóri gerði grein fyrir innheimtu útsvars á árinu í samanburði við árið 2019 og fjárhagsáætlun ársins. Hann kynnti yfirlit um spá fjármálastjóra á höfuðborgarsvæðinu um breytingar á tekjum ársins í samanburði við fjárhagsáætlun.

Sagt var frá því að í undirbúningi er að setja tengla á vef Garðabæjar til að bæjarbúar og aðrir geti sent ábendingar og komið með tillögur um aðgerðir til hagræðingar.

**3. 1808087 - Fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri - staða framkvæmda.**

Á fund bæjarráðs kom Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis- og framkvæmda og gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri.

**4. 1809281 - Yfirlit frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga.**

Lagt fram yfirlit yfir lögmælt verkefni sveitarfélaga sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið kynnti í september 2018.

**5. 2008317 - Mariugata 2 - Umsókn um byggingarleyfi**

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Þórspingi ehf., kt.640817-1510, leyfi til að byggja raðhús að Mariugötu 2.

- 6. 2008309 - Mariugata 4 - Umsókn um byggingarleyfi**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Þórspingi ehf., kt.640817-1510, leyfi til að byggja raðhús að Mariugötu 4.
- 7. 2008307 - Mariugata 6 - Umsókn um byggingarleyfi**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Þórspingi ehf., kt.640817-1510, leyfi til að byggja raðhús að Mariugötu 6.
- 8. 1710301 - Haukanes 15 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Ágústi Birgissyni, kt. 300465-2929, leyfi fyrir viðbyggingu við núverandi hús að Haukanesi 15.
- 9. 2007128 - Bakkaföt 2 - Umsókn um byggingarleyfi.**  
Bæjarráð samþykkir að veita Bjarna Benediktssyni, kt. 260170-5549, leyfi fyrir byggingu útigeymslu, útisturtu og gróðurhúsi á lóð hússins að Bakkaföt 2.
- 10. 1804367 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030-Vífilsstaðaland.**  
Lögð fram.
- 11. 2008336 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis 5.04 Vþ í Urriðaholti.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis á 5.04 Vþ í Urriðaholti fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.
- 12. 1811125 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi deiliskipulag 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að kynna samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Kynningin skal auglýst með áberandi hætti.
- 13. 2006070 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 12.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar að Hraungötu 12, þar sem farið er fram á stækkun byggingarreits vegna rýmis neðanjarðar.
- 14. 2007640 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Akrahverfis vegna lóðarinnar við Frjóakur 9.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Akrahverfis í tilefni umsóknar um stækkun og opnun á kjallararými o.fl. í einbýlishúsinu að Frjóakri 9, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Frjóakurs 7 og 10 og Byggakurs 18, 20, 22 og 24.

Lagt fram bréf Ólafs Kjartanssonar, lögmanns, dags. 14. september 2020 þar sem gerðar eru athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar að tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi.

Björg Fenger, vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.

**15. 2006153 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi erindi Lækjarkórs um heimild til að láta vinna tillögu að deiliskipulagi fyrir Sveinskotsreit.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að heimila Lækjarkór ehf. landeigenda lands úr Sveinskoti milli byggðar í Asparholti og hesthúsasvæðis Sóta að láta vinna tillögu að deiliskipulagi svæðisins á sinn kostnað samkvæmt 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga. Skipulagslýsing liggur fyrir.

**16. 2005435 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna lóðarinnar við Brekkuás 2.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. laganna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að lóðin við Brekkuás 2 verði breytt úr leikskólalóð í lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk. (Samfélagsþjónusta)

Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu og menningarsviðs vék af fundi við umræðu og afgreiðslu málsins.

**17. 2008275 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna raðhúsalóðanna við Maríugötu 23-29.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts í tilefni umsóknar um breytingu þakhalla, hæðarkóta og legu bílastæða raðhúsalóðanna við Maríugötu 23-29, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal lóðarhöfum við Maríugötu 17-21, 26-28, 30-32, 31-37 og 34-40.

**18. 2007394 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi óverulega breytingu á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts vegna raðhúsalóðanna við Maríugötu 31-37.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi austurhluta Urriðaholts í tilefni umsóknar um breytingu á húsagerð, lóðarmörkum, byggingarreitum og lóðarstærðum raðhúsalóðanna við Maríugötu 31-37 sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga.

Grenndarkynna skal lóðarhöfum við Maríugötu 23-29, 30-32, og 34-40.

**19. 1912270 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi þinglýsingu á landamerkjum lands Oddfellowa.**

Lögð fram.

**20. 2007239 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Urriðaholtsstræti 42.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi 3. áfanga norðurhluta Urriðaholts samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. laganna. Í tillögunni er gert ráð fyrir að íbúðum í fjölbýlishúsinu við Urriðaholtsstræti 42 fjölgi úr 9 í 10.



Lóðarhafa skal bent á að við fjölgun íbúða kemur til greiðslu gjalds til uppbyggingar skóla- og íþróttamála samkvæmt samningi um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og nemur gjaldið kr. 858.356 á íbúð m.v. BVT 741,4 stig í september 2020 og gjaldfellur við útgáfu á byggingarleyfi.

- 21. 2003086 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi grenndarkynningu umsóknar um byggingarleyfi vegna framkvæmda á lóðinni við Lyngmóa 3.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að leyfa útgáfu byggingarleyfis samkvæmt 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 vegna lokunar svara íbúða á 1 hæð og framkvæmda við pall við fjölbýlishúsið að Lyngmóum 3. Grenndarkynning hefur farið fram samkvæmt 2. mgr. sömu greinar og barst ein athugasemd þar sem vakin var athygli á að framkvæmdir væru þegar hafnar og af þeim stafi óþægindi og óþrifnaður.
- 22. 2009173 - Tilkynning frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2020, dags. 08.09.20.**  
Í tilkynningunni kemur fram að fjármálaráðstefnan í ár verður með breyttu sniði í ljósi aðstæðna og verður hún alfarið á netinu dagana 1. og 2. október nk.
- 23. 2009147 - Tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi aðgerðaráætlun í plastmálefnum, dags. 08.09.20.**  
Lögð fram og vísað til kynningar í umhverfisnefnd.
- 24. 1805129 - Tilkynning Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi samning um akstursþjónustu fatlaðs fólks, dags. 01.09.20.**  
Í tilkynningunni kemur fram að stjórn SSH hefur veitt Strætó bs. heimild til að undirrita samning við Hópbíla ehf. um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu.
- 25. 2009172 - Bréf Urriðaholts ehf. um leyfi til landmótunar í 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts, dags. 09.09.20.**  
Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að hafnar verði jarðvegsframkvæmdir og landmótun á lóðum í 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts og vísar í því sambandi til 2. mgr. gr. 2.4.4. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Framkvæmdir við landmótun eru í samræmi við skilmála samkvæmt tillögu að deiliskipulagi sem hefur verið auglýst, skilmála aðalskipulags Garðabæjar og rammaskipulags um uppbyggingu í Urriðaholti.
- 26. 1902106 - Afgreiðsla umhverfisnefndar varðandi tillögu um friðlýsingu Garðahrauns og strandlengjunnar á Álftanesi.**  
Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu umhverfisnefndar um að leita eftir því við Umhverfisstofnun að strandlengja á Álftanesi og Garðahraun efra, það sem ekki er nú þegar friðlýst, fari í friðlýsingarferli.
- 27. 1909249 - Bréf Golfklúbbsins Odds varðandi endurskoðun á samstarfssamning, dags. 10.09.20.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021 og til umfjöllunar íþrótt- og tómstundaráðs.
- 28. 2009163 - Bréf Pieta samtakanna um stuðning við starfsemina, dags. 01.09.20.**  
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2021. Bæjarráð samþykkir að fela bæjarstjóra að leggja fram drög að samningi um stuðning við samtökin.

**29. 2009121 - Tilkyning úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um kærur vegna veitingu byggingarleyfis á bílskúr við Aratún 36, dags. 07.09.20.**  
Bæjarráð felur bærarstjóra að gæta hagsmuna bæjarins í málinu.

Fleira ekki gert.,  
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarráðs Garðabæjar 15. september 2020 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)  
Almar Guðmundsson, (sign)  
Björg Fenger, (sign)  
Ingvar Arnarson, (sign)

**Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar**  
**22. fundur 2020**

Miðvikudaginn 2. september 2020 kl. 16:30 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Erna Ingibjörg Pálsdóttir fulltrúi skólastjóra, Elín Jóhannsdóttir fulltrúi foreldra, Silja Kristjánsdóttir fulltrúi kennara og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Sigríður Hulda Jónsdóttir, formaður skólanefndar Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2007062 - Grunnskólar skólaárið 2019-2020-skólaskýrslur**

Lagðar voru fram skólaskýrslur grunnskólanna skólaársins 2019-2020. Skólanefnd lýsir ánægju með skýrslur grunnskólanna sem bera vott um um metnaðarfullt og gott skólastarf.

**2. 2008125 - Skólabyrjun haustið 2020**

Rædd var skólabyrjun 2020-2021. Í ágúst hófu 2527 nemendur nám við grunnskólana í Garðabæ. 2324 í grunnskólum Garðabæjar og 203 í sjálfstætt starfandi skólum. 220 nemendur hófu nám í 1. bekk grunnskólanna. Skólanefnd leggur áherslu á mikilvægi traustrar stoðþjónustu m.a. mönnun hjúkrunarfræðinga sem er lög bundin í grunnskólum.

**3. 2008611 - Grunnskólastarf á tímum kórónaveirunnar.**

Formaður ræddi upphaf grunnskóalstarfs á tímum kórónaveirunnar og þær ráðstafanir sem grunnskólar í Garðabæ hafa gripið til. Grunnskólarnir hafa í einu öllu fylgt ráðleggingum Almannafræðis. Skólaskrifstofu er falið að taka saman lærdóm og áhrif af skólastarfs af tímum Covid, hvað við viljum við taka með okkur inn í framtíðina? Skólanefnd er sammála um að starfsmenn skólanna hafi staðið sig einstaklega vel á flóknum tímum.

**4. 2008615 - Menntadagur í Garðabæ 2020**

Rætt var um fyrirhugaðan menntadag í Garðabæ, 23. október nk. Á þessu skólaári er gert ráð fyrir að hann verði með öðru sniði en áður vegna Covid.

**5. 2008612 - Forvarnarvika í Garðabæ 2020**

Kári Jónsson forvarnarfulltrúi kom til fundarins og sagði frá fyrirhugaðri forvarnarviku 7.- 14. október 2020. Yfirskrift vikunnar verður „Að standa með sjálfum sér“.

**6. 2008613 - Foreldrarölt í Garðabæ**

Rætt var um að endurvekja foreldrarölt í Garðabæ. Málinu vísað til Grunnstoða, forvarnarfulltrúa og skólaskrifstofu Garðabæjar.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

**Skipulagsnefnd Garðabæjar**  
**9. fundur 2020**

Fimmtudaginn 10. september 2020 kl. 08:00 kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson formaður, Lúðvík Örn Steinarsson aðalmaður, Kjartan Örn Sigurðsson varamaður, Stella Stefánsdóttir aðalmaður, Ingvar Arnarson varamaður, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Sólveig Helga Jóhannsdóttir skipulagsfræðingur, Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi og Anna María Guðmundsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2008336 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 5. Urriðaholt 5.04 Vþ.**

Lögð fram tillaga breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem gerir ráð fyrir breytingu á ákvæðum um reit 5.04 Vþ í norðurhluta Urriðaholts. Gert er ráð fyrir að því að íbúðarbyggð sé heimil þó svo að megináhersla verði áfram á atvinnuhúsnæði. Miðað er við að íbúðarbyggð sé innan við 50% af heildarbyggingarmagni innan landnotkunarreitsins. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**2. 1811125 - Urriðaholt Norðurhluti 4 - deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluta. Er hér um óbreytta tillögu að ræða frá fyrri auglýsingu. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til sama svæðis í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**3. 1903374 - Skipulag - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 3. Norðurnes**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til Norðurness á Álftanesi að lokinni forkynningu í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar og umsagnir sem borist hafa lagðar fram. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

**4. 1803108 - Norðurnes Álftaness, deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Norðurness á Álftanesi að lokinni forkynningu í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar og umsagnir sem borist hafa lagðar fram. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

**5. 1804367 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030-Breyting 1-Vífilstaðaland-ramahluti.**

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030, ásamt

umhverfisskýrslu, sem nær til Vífilsstaðalands að lokinni auglýsingu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir og umsagnir sem borist hafa lagðar fram. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

**6. 1910294 - Rjúpnadalur, dsk kirkjugarðs og meðferðarstofnunar.**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi kirkjugarðs og meðferðarstofnunar í Rjúpnadal, ásamt umhverfisskýrslu, að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir og umsagnir sem borist hafa lagðar fram. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

**7. 1906192 - Hnoðraholt norður deiliskipulag**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Hnoðrahólts norður, ásamt umhverfisskýrslu, að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir og umsagnir sem borist hafa lagðar fram. Einnig ábendingar og fyrirspurnir sem bárust á milli forkyningar og auglýsingar og svör tækni- og umhverfissviðs Garðabæjar sem sent var til þeirra íbúa í Þorrasölum í Kópavogi sem höfðu sent inn fyrirspurnir. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

**8. 1910293 - Vetrarmýri, dsk blandaðrar byggðar.**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Vetrarmýrar, ásamt umhverfisskýrslu, að lokinni auglýsingu samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Athugasemdir og umsagnir sem borist hafa lagðar fram. Vísað til úrvinnslu hjá skipulagsráðgjöfum og tækni- og umhverfissviði.

**9. 2006153 - Sveinskot - skipulagsvinna**

Lögð fram beiðni eigenda lands úr landi Sveinskots milli byggðar í Asparholti og hesthúsasvæðis Sóta sem er um 2 ha að stærð um að fá að deiliskipuleggja svæðið á sinn kostnað sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sem íbúðarbyggð. Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við að bæjarstjórn heimili landeiganda að láta deiliskipuleggja land sitt. Æskilegt væri að deiliskipulag hesthúsasvæðisins yrði unnið samhliða þeirri vinnu og hlyti deiliskipulagsferli samhliða deiliskipulagstillögu íbúðarbyggðarinnar.

**10. 2008424 - Vesturtún 38-40 - hækkun þaks -Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram fyrirspurn eigenda parhússins Vesturtún 38-40 um gerð rishæðar. Vísað til frekari skoðunar hjá tækni- og umhverfissviði.

**11. 2005435 - Búsetukjarni Brekkuás 2, breyting á deiliskipulagi Hraunsholts**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ásahverfis (Hraunsholts vestra) sem gerir ráð fyrir því að leikskólalóð breytist í íbúðarhúslóð sem ætluð er íbúðarkjarna fyrir fatlaða einstaklinga. Svæðið er skilgreint í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem lóð fyrir samfélagsþjónustu. Þó hér sé um íbúðir að ræða lítur skipulagsnefnd svo á að deiliskipulagsbreytingin kalli ekki á aðalskipulagsbreytingu þar sem hér er einnig um samfélagsþjónustu að ræða.

Skipulagsstjóri gerir grein fyrir samráðsfundum sem hann hefur átt með starfsmönnum fjölskyldusviðs.

Tillagan hefur verið forkynnt í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Ábendingar sem borist hafa lagðar fram.

Tillögunni vísað til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.

123/2010.

**12. 2003086 - Lyngmóar 3 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn að lokinni grenndarkynningu ásamt athugasemdum sem borist hafa. Umsóknin gerir ráð fyrir lokun svala íbúða á 1.hæð og palli með skjólveggjum fyrir framan. Pallur og íbúð tengist með tröppum. Tillaga var grenndarkynnt skv. 44. gr. skipulagslaga þar sem að ekkert deiliskipulag er í gildi í Móum.

Í athugasemd kemur fram að framkvæmdir hafi verið hafnar þegar grenndarkynning hafi farið fram og er þeim að mestu lokið. Skipulagsnefnd gerir athugasemdir við að framkvæmdir hafi farið fram í óleyfi og þarf byggingarfulltrúi að óska eftir skýringum á því. Ekki eru gerðar athugasemdir við framkvæmdina sem slíka.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við það að byggingarleyfi verði veitt.

**13. 2007640 - Frjóakur 9 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Akra sem gerir ráð fyrir því að flatarmál neðri hæðar húss (kjallara) sé stærri en 70 % að flatarmáli aðalhæðar.

Innréttað hefur verið herbergi í djúpum kjallara með gólfsíðum gluggum og svæði á lóð í sömu hæð. Áður hafði verið veitt leyfi fyrir kjallararými sem tæknirými án glugga. Var sú tillaga samþykkt sem frávik frá deiliskipulagi. Gluggar á umræddu rými breyta þeim forsendum.

Tillagan metin sem óveruleg breyting deiliskipulags Akra í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Frjóakurs 7 og 10 og Byggakurs 18, 20, 22 og 24.

**14. 2006070 - Hraungata 12 - Umsókn um byggingarleyfi**

Lögð fram umsókn um breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóðarinnar Hraungata 12 og gerir ráð fyrir því að byggingarreitur fyrir neðanjarðarrými verði heimilaður undir bílastæðum á lóðinni. Lögð fram umsögn deiliskipulagshöfundar.

Með vísan í umsögn deiliskipulagshöfundar er umsókninni hafnað.

**15. 2007239 - Urriðaholtsstræti 42, dsk breyting**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar.

Gert er ráð fyrir því að íbúðum í fjölbýlishúsinu Urriðaholtstræti 42 fjölgi úr 9 í 10 og fjölgar bílastæðum sem því nemur. Umsögnin er jákvæð.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 1. mgr. 43. gr. og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

**16. 2008275 - Maríugata 23-29 breyting á þaki - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Urriðaholts Austurhluta sem nær til raðhúsallengjunnar Maríugata 23-29 sem er af gerð R2. Gert er ráð fyrir lítilsháttar breytingu á þakhalla, hæðarkóta og legu bílastæða. Skipulagsnefnd leggur til að ef samræma á hæðarkóta sé lægri kóti valinn. Með vísan í umsögn er tillögunni vísað til grenndarkynningar í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Grenndarkynna skal eigendum Maríugötu 17-21, 26-28, 30-32,31-37 og 34-40.

**17. 2007394 - Maríugata 31-37 breytingar á raðhúsi - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa**

Lögð fram tillaga að breytingum deiliskipulags Urriðaholts Austurhluta sem nær til



raðhúslengjunnar Maríugata 31-37 sem er af gerð R2. Gert er ráð fyrir því að öll húsin verði jafnbreið og því breytast lítillaga lóðarmörk á milli húsanna, lóðarstærðir og byggingarreitir. Umsögn deiliskipulagshöfundar lögð fram. Með vísan í umsögn metur skipulagsnefnd breytinguna sem óverulega í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar. Grenndarkynna skal eigendum Maríugötu 23-29, 30-32 og 34-40.

**18. 2009028 - Hönnun - Útboð - Útivistarstígur frá Vífilsstaðarvatni að Grunnuvatnaskarði**

Lögð fram umsókn bæjarverkfræðings um framkvæmdaleyfi fyrir gerð útivistarstígs frá Vífilsstaðarvatni að Grunnuvatnaskarði. Umsókn fylgja tillögur að útfærslu sem Landslag ehf hefur unnið. Tillaga er ekki fyllilega í samræmi við deiliskipulag hvað legu stígs varðar og kallar á óverulega deiliskipulagsbreytingu.

Umsókn vísað til umsagnar umhverfisnefndar, Umhverfisstofnunar, Skógræktarfélag Reykjavíkur, Hestamannafélagsins Sprettis og Landsnets.

**19. 1912270 - Þinglýsing landamerkjia Oddfellowa**

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við framlögð gögn.

**20. 2008612 - Forvarnarvika í Garðabæ 2020**

Eysteinn Haraldsson bæjarverkfræðingur sagði frá fyrirhugaðri forvarnarviku 7.- 14. október 2020. Yfirskrift vikunnar verður „Að standa með sjálfum sér“.

**21. 2008032F - afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

21.1 2004062 - Blikastígur 11 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn fyrir breytingu á bifreiðargeymslu. Í breytingunni felst að útveggur gafls færir fram um 60 cm undir þakskyggni.

Ekkert deiliskipulag er í gildi.

Skipulagsstjóri vísar byggingarleyfisumsókn til grenndarkynningar sbr.

1.mgr.44.gr.Skipulags-og byggingarlaga.

Grenndarkynna skal eigendum Blikastígs 5,7,9,13 og 15.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.2 2007379 - Sveinskotsvör 8 þaksvalir - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa sem spyr hvort hugsanlegt sé að heimilaðar verði þaksvalir.

Svar: Samkvæmt deiliskipulagi er gert ráð fyrir einnar hæðar húsum. Ekki er minnst á þaksvalir sérstaklega. Ef að sótt verður um þaksvalir þarf að koma til breyting á deiliskipulagi Vara með tilheyrandi skipulagsferli.

21.3 2005183 - Hákotsvör 8 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram byggingarleyfisumsókn fyrir viðbyggingu við húsið Hákotsvör 8 að lokinni grenndarkynningu. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu. Engar athugasemdir bárust. Í samræmi við 1.mgr.44.gr.gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að byggingarleyfið

verði veitt. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.4 2007863 - Miðskógar 1 sólskáli - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir stækkuðum byggingarreit til vestur fyrir sólskála.

Skipulagsstjóri metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Miðskóga í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga og vísar henni til grenndarkynningar.

Grenndarkynna skal eigendum Miðskóga 2,3 og 4 og Hleinar. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.5 2007128 - Bakkafliöt 2-Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram afrit af aðaluppdráttum byggingarleyfisumsóknar vegna breytinga á lóðinni Bakkafliöt 2 þar sem eigendur þeirra lóða sem grenndarkynning nær til hafa áritað að þeir geri ekki athugasemd við deiliskipulagsbreytinguna. Með vísan í

3.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr.123/2010 er tímabil grenndarkynningar þar með lokið.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.6 2007402 - Eskiás - óveruleg dsk br. djúpgámar

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Ása og Grunda sem ná til lóða við Eskiás. Tillagan gerir ráð fyrir því að fylgilóðir fyrir djúpgáma reiknist til aðallóða og verði hluti af þeim þó þær séu stakstæðar. Ástæða breytingarinnar að Þjóðskrá Íslands mælir með því að fyrirkomulag sé með þeim hætti.

Skipulagsstjóri metur breytinguna sem óverulega deiliskipulagsbreytingu í samræmi við 2.mgr.43.gr.Skipulagslaga nr.123/2010.

Skipulagsstjóri fellur frá grenndarkynningu þar sem að breytingin varðar ekki hagsmuni annara en lóðarhafa og bæjarfélagsins sbr. 2.ml.3.mgr.44.gr.Skipulagslaga.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.7 2008230 - Dalsbyggð 21 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu vestan við neðri hæð húss sem er 61.4 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Ofan á viðbyggingu yrði verönd eða pallur í tengslum við efri hæð hússins.

Viðbygging nær um 1,5 m út fyrir byggingarreit samkvæmt mæliblaði og fjarlæg húss frá lóðarmörkum yrði 3,5 m í stað 5 m eins og byggingarreitur gerir ráð fyrir.

Ekkert deiliskipulag tels í gildi á svæðinu.

Skipulagsstjóri vísar umsókninni til grenndarkynningar í samræmi við

1.mgr.44.gr.Skipulagslaga nr 123/2010. Grenndarkynna skal eigendum Hlíðarbyggðar 40,42 og 44,Dalsbyggðar 17,19 og 23 og Hæðarbyggðar 10 og 12. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.20/2017.

21.8 2007070 - Seinakur 8 - Umsókn um byggingarleyfi

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Lögð fram umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishús að Seinakri 8. Samkvæmt tillögu

er meira en helmingur af útbyggingarreit til vesturs byggður auk þess sem allur ytri byggingarreitur er undir þaki. Þakskyggni nær einnig út yfir bílastæði, utan byggingarreits. Sækja þarf um deiliskipulagsbreytingu og leggja fyrir skipulagsnefnd.

21.9 2008141 - Miðhraun 14 - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Í deiliskipulagi er ekki kveðið á um það sérstaklega hvort svalir eða skyggni geti náð út fyrir byggingarreit. Allur gangur er á því í deiliskipulagsáætlunum hvort ákvæði séu þess efnis eður ei. Í tilfalli Molduhrauns eru byggingarreitir stórir og langt á milli þeirra. Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við það að svalir nái út fyrir byggingarreit eins og skissa sýnir.

21.10 2008275 - Maríugata 23-29 breyting á þaki - Fyrirspurn til skipulags og byggingarfulltrúa

**Niðurstaða afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 10**

Fyrirspurn er vísað til umsagnar deiliskipulagshöfundar.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

**Umhverfisnefnd Garðabæjar**  
**25. fundur 2020**

Fimmtudaginn 10. september 2020 kl. 08:00 kom umhverfisnefnd Garðabæjar saman til fundar í Seylunni í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Jóna Sæmundsdóttir aðalmaður, Guðfinnur Sigurvinsson aðalmaður, Hrönn K. Sch. Hallgrímsdóttir aðalmaður, Páll Magnús Pálsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Linda Björk Jóhannsdóttir garðyrkjufræðingur og Guðbjörg Brá Gísladóttir deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

**1. 2009084 - Umhverfishópar 2020**

Brynjar Snær Arnarsson kynnti fyrir nefndinni starf umhverfishópa í sumar. Umhverfisnefnd fagnar miklu og öfluglu starfi sem unnið var í umhverfishópum í sumar

**2. 1902106 - Friðlýsingar - samstarf við Umhverfisstofnun**

Umhverfisnefnd samþykkir að leggja til við bæjaráð að óskað verði eftir við Umhverfisstofnun að strandlengja á Álftanesi og Garðahraun efra, það sem ekki er nú þegar friðlýst, fari í friðlýsingarferli.

**3. 2008085 - Útbreiðsla kerfils í Garðabæ**

Bréf lagt fram. Linda Björk Jóhannsdóttir kynnti þær aðgerðir sem unnar hafa verið til að hefta útbreiðslu kerfils og annarra ágengra tegunda hjá garðyrkjudeild Garðabæjar. Umhverfisnefnd leggur til að haldið verði áfram að vinna að heftun á ágengum tegundum.

**4. 2005408 - Mengunarmælingar 2020**

Lagt fram.

**5. 1906351 - Mávar**

Nokkuð hefur verið um orðsendingar vegna máva í Garðabæjar. Leggur umhverfisnefnd til að óskað verði eftir undanþágu frá friðlýsingarskilmálum Gálgahrauns og Garðahrauns til að hægt verði að stemma stigum við fjölgun máva á svæðinu.

**6. 1912270 - Þinglýsing landamerkja Oddfellowa**

Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við landamerkin.

**7. 2008170 - Lausaganga katta í Garðabæ**

Erindi lagt fram.

Í samþykkt um kattahald í Garðabæ frá apríl 2012 er vísað til laga um fjöleignahús er kemur að kattahaldi í fjöleignarhúsum. Fylgja skal lögum um fjöleignarhús er varða kattahald í fjöleignarhúsum.

**8. 2009028 - Útivistarstígur frá Vífilsstaðarvatni að Grunnuvatnaskarði**

Umhverfisnefnd gerir ekki athugasemd við legu stígsins. Stígurinn gerður meira aflíðandi og því

aðgengilegri fyrir alla.

Fleira ekki gert.  
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
258. fundur 31. ágúst 2020  
Fundargerð

Fundurinn var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 31. ágúst á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5 í Garðabæ. Fundurinn hófst kl.16:30 og mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar sem jafnframt ritaði fundargerð.

**Skipulagsmál**

**1.1. Aðalskipulagsbreyting Hafnarfjarðarbæjar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar.**

Lagt fram erindi frá Skipulags- og byggingaráði Hafnarfjarðar dags.06.07.2020, þar sem óskað er umsagnar á aðalskipulagsbreytingu Hafnarfjarðarbæjar vegna tvöföldunar Reykjanesbrautar frá Krýsuvíkurfleggjara að mörkum Hafnarfjarðar og Sveitarfélagsins Voga. Fram kemur í skipulagslýsingu að ekki liggur fyrir mat á umhverfisáhrifum vegna mögulegra breytinga.

*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu en væntir þess að áformað mat komi til umsagnar síðar.*

**1.2. Aðalskipulagsbreyting sem nær til Vífilstaðalands**


Lagt fram erindi frá bæjarstjórn Garðabæjar dags. 11.06.2020, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 206-2030 er varðar Vífilstaðaland. Um er að ræða þrjár deiliskipulagstillögur sem eru innan þess svæðis, en það eru tillögur um Vetrarmýri, blönduð byggð – miðsvæði, Hnoðraholt norður og Rjúpnadalur.

*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við skipulagslýsingu vegna áformaðrar breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 er varðar landnotkun á Vífilsstaðalandi.*

*Nefndin fagnar því að lega Elliðavatnsvegur verði færð fjær Vífilsstaðavatni og útivistarsvæði umhverfis vatnið fái aukið vægi frá núgildandi skipulagi. Þá fagnar nefndin því að gert sé ráð fyrir grafreit í breyttu aðalskipulagi.*

*Nefndin vekur athygli á að þar sem skipulag gerir ráð fyrir blandaðri byggð íbúða við ýmiss konar verslunar-, þjónustu- og atvinnustarfsemi, sem síðar verði ákvörðuð við deiliskipulagi lóða, er mikilvægt að hugað sé að því að gerðar verði ítarlegar kröfur til alls húsnæðis með hliðsjón af hættu á mengun eða ónæði, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Einnig verði hugað að aðgreiningu sameigna íbúða frá atvinnutengdum rýmum.*

*Þá minnir heilbrigðisnefnd á að þó nefndin veiti ýmiss konar atvinnustarfsemi starfsleyfi þá gildir það ekki um allar tegundir atvinnurekstrar og einnig að ef ekki er hugað af nægjanlegri aðgreiningu íbúða frá atvinnurekstri við gerð húsnæðis getur nefndin ekki tryggt hnökralaust sambýli íbúa og atvinnulífs. Því verði að huga vel að hönnun slíkra hverfa og einstakra bygginga.*



1.3. *Aðalskipulagsbreyting sem nær til Norðurness á Álftanesi*

Lagt fram erindi frá bæjarstjórn Garðabæjar dags. 12.06.2020, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna Norðurness á Álftanesi. Samhliða er kynnt tillaga að deiliskipulagi Norðurness.

*Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu að áformaðri breytingu á Álftanesi í Aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 og tillögu að deiliskipulagi Norðurness. Nefndin tekur undir þau viðhorf sem fram koma í tillögunni að deiliskipulagi um að Álftanesið er mikil náttúruperla þar sem mörg svæði hafa mikið verndargildi. Ljúka ætti þeim friðlýsingaráformum sem þar er lýst og stíga varlega til jarðar við allt skipulag og framkvæmdir. Nefndin minnir á bókun frá fundi heilbrigðisnefndar frá 2. desember 2019, en þar er fjallað um mikilvægi fuglalífs og að lagt verði kapp á að viðhalda náttúrulegri fjölbreytni lífríkis á svæðinu.*

*Þá leggur heilbrigðisnefnd áherslu á að mikilvægt sé samhliða frekari uppbyggingu byggðar að fráveitumálum svæðisins sé komið í viðunandi horf.*

1.4. *Drög að tillögu að matsáætlun – Lyklafellslína 1.*

*Gnýr Guðmundsson vikur af fundi undir þessum lið.*

Lagt fram erindi frá Landsnet hf. þar sem óskað er ábendinga um hvaða þætti beri að taka fyrir í mati á umhverfisáhrifum verkefnisins og var óskað eftir ábendingum fyrir 15. ágúst 2020.

*Heilbrigðisnefnd tekur undir umsögn sem send var inn af hálfu heilbrigðiseftirlitsins og vekur sérstaklega athygli á að mikilvægi vatnsverndar sé haft til hliðsjónar við mat á umhverfisáhrifum vegna verkefnisins.*

1.5. *Aðalskipulag Kópavogs, vinnslutillaga að nýju Aðalskipulagi Kópavogs 2019-2031.*

Lagt fram erindi skipulagsstjóra Kópavogs þar sem óskað er eftir umsögn um endurskoðun að nýju aðalskipulagi Kópavogs 2019-2031.

*Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að merkingar eru ekki í samræmi við aðaluppdrátt vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins og jafnframt að bæta þarf umfjöllun um vatnsvernd á skipulagssvæðinu. Framkvæmdastjóra falið að rýna tillöguna enn frekar og koma athugasemdum til skipulagsstjóra.*

## 2 Starfsleyfi


### Garðabær

#### 2.1 Aratún 6, Garðabær - Niðurrif

Lögð fram umsókn Sigurðar Hjalta Kristjánssonar, kt. 300172-5559, dags. 22.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs bílskúrs að Aratúni 6, Garðabæ.

Minnisblað HHK dags. 22.07.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest sem gildir til 15.08.2020.*

The image shows several handwritten signatures and initials in black ink. On the left, there is a signature that appears to be 'SMB'. Below it are the initials 'HP' and 'SMG'. On the right, there are two more signatures, one of which is quite large and stylized, and another one below it.

## 2.2 Garðaflöt 7, Garðabær – búsetuúrræði

Lögð fram umsókn Emils Harðarsonar kt.280288-23339 dags.27.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til að reka búsetuúrræði þar sem unnið er með atferilstengda taugaendurhæfingu að Garðaflöt 7, Garðabæ.

Minnisblað HHK dag.07.04.2020 er varðar skoðun húsnæðis.

*Með vísan til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi staðfest til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykktri notkun húsnæðis.*

## 2.3 Garðatorg 7, Garðabær – mötuneyti

Lögð fram umsókn Guðjóns Erlings Friðrikssonar, f.h. Garðabæjar, kt. 570169-6109, dags. 14.08.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mötuneyti að Garðatorgi 7, Garðabæ.

Fasteignanr. 2222677. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta- og mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## 2.4 Hrísmóar 1, Garðabær– Dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Ívars F. Sturlusonar, f.h. Snjallkynningar ehf., kt. 510718-1000, dags. 10.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Hrísmóum 1, Garðabæ. Fasteignanr.:2070676. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta- og mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar eða samning um aðgang að vöruhótel og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## 2.5 Litlatún 1, Garðabær - íssala

Lögð fram umsókn Ingu Maríu Magnúsdóttur, f.h. Basko ehf., kt. 470710-0470, dags. 13.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til íssölu að Litlatúni 1, Garðabæ. Fasteignanr: 2314233. Viðbót við starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta- og mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

## Hafnarfjörður

## 2.6 Austurgata 47, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Þóru Þórisdóttur, f.h. Urta Islandica ehf., kt. 650113-0120, dags. 01.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu og pökkun matvæla að Austurgötu 47, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2073565. Breyting á starfsemi.


Eftirlitsskýrsla dags. 16.07.2020.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuhátta- og mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 29.6.2027.*

## 2.7 Álhella 3, Hafnarfjörður – verkstæði fyrirtækis

Lögð fram umsókn Sigurðar Sigurðssonar, f.h. Jarðboranir hf., kt. 590286-1419, dags. 03.07.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir verkstæði og geymslu fyrirtækis með aðsetur að Álhelli 3, Hafnarfirði. Fasteignanr.:2320147.

Endurnýjun.





Eftirlitsskýrsla dags. 28.08.2020

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### *2.8 Ásvellir 2, Hafnarfjörður – sundlaug*

Lögð fram umsókn Aðalsteins Hrafnkelssonar, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 21.08.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir sundlaug að Ásvöllum 2, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2301562. Endurnýjun.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

### *2.9 Blómvellir 21, Hafnarfjörður – Dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Orra Kristins Jóhannssonar, f.h. MultiForm ehf., kt. 630720-0950, dags. 24.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Blómvöllum 21, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2259254. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.08.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar eða samning um aðgang að vöruhóteli og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

### *2.10 Dalshraun 3, Hafnarfjörður – mótuneyti*

Lögð fram umsókn Stefáns Ara Stefánssonar, f.h. Valitor hf., kt. 500683-0589, dags. 24.08.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mótuneyti að Dalshrauni 3, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2074296. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.08.2020.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### *2.11 Flatahraun 5a, Hafnarfjörður - tannlæknastofa*


Lögð fram umsókn Guðmundar Rúnars Ólafssonar, f.h. G. Rúnar ehf., kt. 430602-4110, dags. 17.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2243399. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

### *2.12 Flatahraun 5a, Hafnarfjörður - tannlæknastofa*

Lögð fram umsókn Guðlaugs Jóhannssonar, f.h. Tannsinn ehf., kt. 710805-1130, dags. 27.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Flatahrauni 5a, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2243399. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*



*2.13 Flatahraun 27, Hafnarfjörður - dreifing matvæla*

Lögð fram umsókn Gísla Gíslasonar, f.h. Gott og Blessað ehf., kt. 650520-1060, dags. 25.05.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Flatahrauni 27, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2074789. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 20.08.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaeignar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.14 Flatahraun 31, Hafnarfjörður - bifhjólaverkstæði*

Lögð fram umsókn Þórarins E. Þórarinssonar, f.h. RMC ehf., kt. 450608-0330, dags. 30.06.2020 þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifhjólaverkstæðis að Flatahraun 31, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2074796.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 24.08.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.07.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareignar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun húsnæðis.*

*2.15 Helluhraun 20, Hafnarfjörður – bónstöð*

Lögð fram umsókn Dara Ako Ali, f.h. Fjarðarbón ehf., kt. 610720-1450, dags. 14.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bónstöðvar að Helluhrauni 20, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2075380.

Ný starfsemi.

Minnisblað dags. 18.08.2020

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.07.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareignar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.*

*2.16 Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfjörður – fiskverslun*

Lögð fram umsókn Eiríks Auðuns Auðunssonar, f.h. FB-Sæbjörg ehf., kt. 700311-0580, dags. 14.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskverslunar að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 207-6188.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.08.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaeignar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*


*2.17 Hvaleyrarbraut 41, Hafnarfjörður – verkstæði*

Lögð fram umsókn Smára Helgasonar f.h. Rétt Mál verkstæði ehf., kt. 470120-0370, dags. 28.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs verkstæðis að Hvaleyrarbraut 41, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 226 6103.

Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 4.8.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareignar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*



Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including 'Hp', 'SMG', and other illegible marks.

### 2.18 Hvannavellir 1, Hafnarfjörður – leikskóli

Lögð fram umsókn Hildar Arnar f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 04.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla að Hvannavöllum 1, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2304200. Nýr rekstraraðili.

Eftirlitsskýrsla dags. 14.08.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeðglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### 2.19 Kaldárselsvegur, Hafnarfjörður - Niðurrif

Lögð fram umsókn Ishmael David, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 19.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs fasteignar við Kaldárselsveg. Landnr.: L121309.

Eftirlitsskýrsla dags. 26.01.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest til 01.10.2020.*

### 2.20 Koparhella 1, Hafnarfjörður – steypustöð

Lögð fram umsókn Péturs Ingasonar, f.h. Steinsteypan ehf., kt. 510515-1290 dags. 03.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu steypu að Koparhelli 1, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2330214.

Endurnýjun.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.8.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

### 2.21 Norðurhella 1, Hafnarfirði – bensínstöð

Lögð fram umsókn Ásdísar B. Jónsdóttur, f.h. N1 ehf. kt.411003-3370, dags. 31.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til að starfrækja sjálfsafgreiðslu bensínstöð að Norðurhelli 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Fyrir liggur yfirlýsing framkvæmdastjóra N1 ehf. varðandi ómannaðar bensínstöðvar frá 25.09.2019.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

### 2.22 Móhella 2, Hafnarfjörður – endurvinnsla

Lögð fram umsókn Bjarna Þórissonar, f.h. Batteree ehf. kt. 430417-0530, dags. 10.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til forkönnunar á flokkun og endurvinnslu á lithíum rafhlöðum bifreiða með aðsetur að Móhelli 2, Hafnarfirði. Fasteignanr.:2296049.

Ný starfsemi.

Minnisblað HHK, dags. 23.07.2020

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.07.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykktu notkun fasteignar.*

*SMG Hþ*

*2.23 Óseyrarbraut 29a, Hafnarfjörður – stálsmiðja*

Lögð fram umsókn Gunnars Óla Sigurðssonar, f.h. Stálorku ehf., kt. 680809-0890, dags. 18.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs stálsmiðju að Óseyrarbraut 29a, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2502855. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.08.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykkt notkun fasteignar.*

*2.24 Reykjavíkurvegur 58, Hafnarfjörður – Bensínstöð*

Lögð fram umsókn Loga L. Hilmarssonar, f.h. Skeljungur hf., kt. 590269-1749, dags. 30.06.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bensínstöðvar að Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2078638. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.08.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 4.8.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.*

*2.25 Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður – Píluklúbbur/samkomusalur*

Lögð fram umsókn Vitor M. G. Charrua, f.h. Viv ehf., kt. 700616-0450, dags. 14.07.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir samkomusal að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði.

Fasteignanr. 2358143. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 4.8.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.*

*2.26 Skútahraun 9a, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla*

Lögð fram umsókn Daníels Ivanovic, f.h. Vegan Junk ehf., kt. 520118-0550, dags. 07.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu og dreifingu matvæla að Skútahrauni 9a, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2078853. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.07.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 4.8.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 04.08.2020.

*Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*


*2.27 Spóaás 17, Hafnarfjörður – matvæladreifing*

Lögð fram umsókn Guðmundar Jónssonar, f.h. Incco innflutningur ehf., kt. 500918-2410, dags. 07.04.2020, þar sem sótt er um leyfi til dreifingu matvæla að Spóaás 17, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2244764. Breyting á starfsemi. Vörudreifing frá vöruhóтели Eimskipa.

*Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

*2.28 Staðarberg 6, Hafnarfjörður - athvarf*

Lögð fram umsókn Brynju Rutar Vilhjálmsdóttur, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 13.08.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir athvarf að Staðarbergi 6, Hafnarfirði. Fasteignanr: 2081192. Ný starfsemi.



Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page, including 'Hb', 'JL', 'http', and '5/16'.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.08.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og samþykkt notkun fasteignar.*

### *2.29 Strandgata 75, Hafnarfjörður – matvælaframleiðsla*

Lögð fram umsókn Hákons Bjarnasonar, f.h. Ketókompaníð ehf., kt. 520720-0550, dags. 22.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu og dreifingu matvæla að Strandgötu 75, Hafnarfirði. Fasteignanr. 235 5816. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 06.08.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 4.8.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.*

### *2.30 Víkingastræti 1-3, Hafnarfjörður - hótél*

Lögð fram umsókn Jóhannesar Viðars Bjarnasonar f.h. Fjörukráin ehf., kt. 630490-1119, dags. 15.07.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur hótels að Víkingastræti 1-3, Hafnarfirði. Fasteignanr: 2079482,2079479,2246812,2325943. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 20.07.2020.

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### *2.31 Úthlíð 1, Hafnarfjörður - leikskóli*

Lögð fram umsókn Árnýjar Steindórsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 13.08.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur leikskóla að Úthlíð 1, Hafnarfirði. Fasteignanr:2232012. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeaglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

## Kópavogur

### *2.32 Bláfjöll, skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins. Tímabundið starfsleyfi*

Framkvæmdir við snjógirðingar og plön.

Lögð fram umsókn Einars Bjarnarsonar f.h. Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins kt. 590182-1339 þar sem sótt er um leyfi til að bæta við snjógirðingar og útbúa malarplan við vélageymslu.


*Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest sem gildir til 30. nóvember 2020.*

### *2.33 Austurgerði 2, Kópavogur – fótaaðgerðastofa*

Lögð fram umsókn Soffiu Arngrímsdóttur, kt. 130486-3719, dags. 13.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fótaaðgerðastofu að Austurgerði 2, Kópavogi. Fasteignanr.: 2058833. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags.25.08.2020. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags.27.08.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*



#### 2.34 Borgarholtsvegur 71a – gæsluvöllur

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar, kt.700169-3759, dags.26.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæsluvallar/leiksvæðis að Borgarholtsvegi 71a, Kópavogi. Endurnýjun.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.35 Bæjarlind 14-16, Kópavogur – sjúkrabjálfun

Lögð fram umsókn Gísla Sigurðssonar, f.h. Klíník Sjúkrabjálfun ehf., kt. 670309-1260, dags. 18.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjúkrabjálfunar að Bæjarlind 14-16, Kópavogi. Fasteignanr.: 2235705. Endurnýjun.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.36 Dalvegur 16c, Kópavogur – veitingasala

Lögð fram umsókn Gunnars Scheving Thorsteinssonar, f.h. Bara ehf., kt. 690304-3170, dags. 19.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingasölu að Dalvegi 16c, Kópavogi. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags. 28.08.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 2.37 Hamraborg 1, Kópavogur – nuddstofa

Lögð fram umsókn Unnar Kolku Leifsdóttur, f.h. Nudd ehf., kt. 630905-0520, dags. 29.06.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu að Hamraborg 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 2061189. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.07.2020

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 4.8.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 05.08.2020

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

#### 2.38 Hamraborg 1, Kópavogur – nuddstofa

Lögð fram umsókn Kristjönu Drafnar Haraldsdóttur, f.h. Nærandi Jana, kt. 180674-4119, dags. 21.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu að Hamraborg 1, Kópavogi. Fasteignanr.: 206 1189. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.07.2020

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 05.08.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 05.08.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

#### 2.39 Hamraborg 1, Kópavogur – Snyrtistofa


Lögð fram umsókn Marcela M. Gómez, f.h. G. Beauty ehf., kt. 560819-0990 dags. 20.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Hamraborg 1, Kópavogi.

Fasteignanr.: 206 1180. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.08.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 5.8.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 05.08.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til allt að 12 ára.*



#### 2.40 Hlégerði 18, Kópavogur – Meindýraeftirlit og garðaúðun

Lögð fram umsókn Fannars Snædal Jónssonar, kt. 250601-3010, dags. 17.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til meindýraeftirlits og garðaúðunar að Hlégerði 18, Kópavogi.

Fasteignanr.: 2061686. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

#### 2.41 Hlíðasmári 2, Kópavogur – nuddstofa

Lögð fram að nýju umsókn Eypórs Kristleifssonar, f.h. Nudd og vellíðan ehf., kt. 660515-1430, dags. 20.02.2018, þar sem sótt er um leyfi til reksturs nuddstofu að Hlíðasmára 2, Kópavogi.

Fasteignanúmer: 224 8735.

Ný starfsemi.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 08.07.2020

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 5.8.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 06.08.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 2.42 Hvammsvegur – gæsluvöllur

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 26.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæsluvallar/leiksvæðis að Hvammsvegi, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.43 Hæðasmári 6, Kópavogur – snyrti- og fótaaðgerðastofa

Lögð fram að nýju umsókn Margrétar Freyju Sigurðardóttur, kt. 270188-2739, f.h. Tulip snyrti- og fótaaðgerðastofu, dags. 30.01.2019, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrti- og fótaaðgerðastofu að Hæðasmára 6, Kópavogi. Fasteignanúmer: F2286411.

Eigendaskipti.

Fyrir liggur eftirlitsskýrsla dags. 14.07.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

#### 2.44 Kópavogsbraut 59, Kópavogur - Niðurrif

Lögð fram umsókn Sigurjóns Gunnsteinssonar, f.h. Gunnfánar ehf., kt. 440507-1310, dags. 07.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til niðurrifs fasteignar að Kópavogsbraut 59, Kópavogi.

Minnisblað HHK dags. 08.08.2020.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi staðfest til 15. 09.2020.


#### 2.45 Kríunes, Kópavogur – matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Enrique Marin Velasquez, f.h. E&E dumplings ehf., kt. 540520-0890, dags. 27.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu og dreifingar matvæla að Kríunesi, Kópavogi.

Fasteignanr. 2066732. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 26.08.2020. Jákvætt svar byggingafulltrúa 27. ágúst 2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.



#### 2.46 Lækjarvöllur – gæsluvöllur

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar, kt. 700169-3759, dags. 26.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gæsluvallar/leiksvæðis að Lækjarsmára 116, Kópavogi. Endurnýjun.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.47 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – Matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Önnu Mörtu Ásgeirsdóttur, kt. 160273-3569, dags. 30.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.48 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – Matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Evu Rúnar Michelsen, f.h. ERM ehf., kt. 440615-0310, dags. 10.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára. Samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.49 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – Matvælaframleiðsla

Lögð fram umsókn Svövu Hrannar Guðmundsdóttur, f.h. Sólakur ehf., kt. 650215-1170, dags. 25.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

*Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára. Samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.50 Nýbýlavegur 14, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Darwan Burhan Muneer, f.h. City Company ehf., kt. 480720-1560, dags. 27.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar að Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Fasteignanr. 206 4404 Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.08.2020

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 5.8.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa 06.08.2020.

*Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

#### 2.51 Smiðjuvegur 10, Kópavogur – réttina- og sprautuverkstæði


Lögð fram umsókn Eysteins Guðmundssonar, f.h. Höfðaleigan ehf (Sprautuverk ehf), kt. 700911-1520, dags. 10.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs réttina- og sprautuverkstæði að Smiðjuvegi 10, Kópavogi. Fasteignanr.: 2065285.

Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 25.08.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 21.08.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 24.08.2020.

*Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*





#### 2.52 Tónahvarf 3, Kópavogur – Dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Tomas Gerald Sullenbergar, f.h. Smartco ehf., kt. 610910-0840, dags. 23.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildverslunar að Tónahvarfi 3, Kópavogi. Fasteignanr.: 236 1510. Breyting á starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 5.8.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa 06.08.2020.

*Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

#### 2.53 Tónahvarf 3, Kópavogur – heilsurækt

Lögð fram umsókn Hermanns Þórs Haraldssonar, f.h. Elite Þjálfun ehf., kt. 550620-0140, dags. 19.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heilsuræktarstöðvar að Tónahvarfi 3, Kópavogi. Fasteignanr.: 2361508. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 06.08.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 24.08.2020.

*Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.54 Tónahvarf 6, Kópavogur – Dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Guðmundar Páls Líndal, f.h. Snakk Kompaniíð ehf., kt. 441217-0560, dags. 18.08.2020, þar sem sótt er um leyfi til matvælaframleiðslu að Tónahvarfi 6, Kópavogi. Fasteignanr.: 2329400. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 21.08.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 24.08.2020.

*Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.*

#### 2.55 Urðarhvarf 8, Kópavogur – apótek

Lögð fram umsókn Maríu Jóhannsdóttur, f.h. Lyfsalinn ehf., kt. 580713-1140, dags. 29.06.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs apóteks að Urðarhvarfi 8, Kópavogi. Fasteignanr.: 2300527. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 27.07.2020

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 30.06.2020

*Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

#### 2.56 Urðarhvarf 14, Kópavogur – sjúkraþjálfun

Lögð fram umsókn Kim P.V. De Roy, f.h. KIM Endurhæfing ehf., kt. 660620-1760, dags. 03.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sjúkraþjálfunar að Urðarhvarfi 14, Kópavogi. Fasteignanr.: 2296728. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 13.08.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 6.8.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 12.08.2020.

*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

#### 2.57 Urðarhvarf 14, Kópavogur – Læknastofa

Lögð fram umsókn Ólafs Þórs Ævarssonar, f.h. Forvarnir ehf., kt. 430602-2170, dags. 09.07.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs læknastofu geðlæknis að Urðarhvarfi 14, Kópavogi. Fasteignanr.: 2296728. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 07.08.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 6.8.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 12.08.2020.  
*Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.*

### 3 Umsagnir

#### Garðabær

##### 3.1 Garðatorg 4b - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram að nýju bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 08.05.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Brunch ehf., kt. 691015-0170, þar sem sótt er um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Brunch ehf., Garðatorgi 4b, Garðabæ.

*Jákvæð umsögn staðfest, enda liggur fyrir aðgerðaráætlun frá rekstraraðilum varðandi þær úrbætur sem heilbrigðiseftirlitið hefur gert kröfu um.*

#### Hafnarfjörður

##### 3.2 Bæjarhraun 4, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags.04.06.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Noodle Station ehf., kt. 550211-1300, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Noodle Station að Bæjarhrauni 4, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 14.07.2020.

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 26.11.2012.*

##### 3.3 Dalshraun 13, Hafnarfjörður - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.10.2019, þar sem óskað er umsagnar á umsókn HNB ehf., kt. 460906-0590, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Fresco að Dalshrauni 13, Hafnarfirði.

*Ekki er hægt að veita umsögn vegna erindisins, þar sem svo virðist sem engin starfsemi sé í gangi.*

##### 3.4 Óseyrarbraut 2, Hafnarfjörður - veitingastaður

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.06.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Matbæjar ehf., kt. 691009-0250, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Matbæ ehf að Óseyrarbraut 2, Hafnarfirði. Eftirlitsskýrsla dags. 24.7.2020

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 31.10.2016*


#### Kópavogur

##### 3.5 Búðakór 1, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 04.08.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn G.M. veitingar ehf., kt. 431115-0930, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Ara Burger að Búðakór 1, Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 11.08.2020.

*Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 30.05.2016.*



### 3.6 Bæjarlind 14, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.07.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn fyrir Tælenska Eldhúsið ehf., kt. 600701-2150, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Krua Thai að Bæjarlind 14, Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 17.7.2020

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags.. 27.05.2019.

### 3.7 Hlíðasmári 8, Kópavogur - veitingastaður, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 03.06.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Austurlandahraðlestarinnar ehf., kt. 520503-3230, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir veitingastað í fl. II, fyrir Austurlandahraðlestina ehf., að Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til starfsleyfis dags. 24.09.2018.

### 3.8 Hlíðasmári 13, Kópavogur - hótél, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 29.06.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Aurora Star Hótél ehf., kt. 590397-2029, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. IV, fyrir Aurora Star Hótél ehf. að Hlíðasmára 13, Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 12.06.2020.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til til starfsleyfis dags.29.06.2020.

### 3.9 Nýbýlavegur 16, Kópavogur - gistiheimili, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 25.08.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn BB 44 Gisting ehf., kt. 710502-4120, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gististað í fl. II að Nýbýlavegi 16, Kópavogi.

Jákvæð umsögn staðfest með vísun til til starfsleyfis dags. 11.09.2008.

### 3.10 Vallakór 12-14, Kópavogur– samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 06.07.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Par3 ehf., kt. 630410-0960, þar sem sótt er um tímabundið áfengisleyfi fyrir tónleika í Kórnum, Vallakór 12-14, Kópavogi þann 03.10.2020 frá kl. 18.00 – 23.00.

Áætlaður gestafjöldi 9.900.


Jákvæð umsögn staðfest en vakin er athygli á á fjöldatakmörkunum samkvæmt lögum um sóttvarnir.

### 3.11 Vallakór 12-14, Kópavogur– samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 16.07.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Senu ehf., kt. 510205-1380, þar sem sótt er um tímabundið áfengisleyfi fyrir tónleika í Kórnum, Vallakór 12-14, Kópavogi þann 03.10.2020 frá kl. 18.00 – 22.30.

Áætlaður gestafjöldi 9.900.

Jákvæð umsögn staðfest en vakin er athygli á á fjöldatakmörkunum samkvæmt lögum um sóttvarnir.

Handwritten signatures and initials at the bottom right of the page. There are several distinct signatures, including one that appears to be 'SAC' and another that looks like 'WAP'.

## 4 Tóbaksleyfi

### 4.1 Nýbýlavegi 14, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir City Company, Nýbýlavegi 14, kt. 480720-1560, dags. 27.07.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir City Company, Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Tóbakseftirlit 07.08.2020.

*Heilbrigðiseftirlitið staðfestir leyfisveitinguna.*

## 5 Fundargerðir

### 5.1 Fundargerð umhverfisgæðahóps frá 20.05.2020.

Lögð fram fundargerð umhverfisgæðahóps sem samráðsvettvangur sem er skipaður fulltrúum Umhverfisstofnunnar og fulltrúum heilbrigðiseftirlita á landinu.

## 6. Annað

### 6.1 Samþykktir heilbrigðisnefndar

Í samstarfssamningi um Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er gert ráð fyrir í 13. gr. samþykktarinnar, að hann skuli endurskoðast innan 10 ára með hliðsjón af reynslu af framkvæmd hans og breyttum aðstæðum. Sá tími er nú liðinn og þurfa því þau sveitarfélög sem að samningnum standa að staðfesta nýjan samning.

*Formanni og framkvæmdastjóra falið að hefja undirbúning að endurskoðun samningsins með það markmiði að henni sé lokið eigi síðar en í lok ársins.*

### 6.2 Tilnefning fulltrúa í verkefnaráð Landsnets vegna Lyklafellslínu 1

Lagt fram erindi Landsnets dags. 24.08.2020 þar sem óskað er eftir að heilbrigðisnefnd tilnefni aðal- og varafulltrúa í verkefnaráð vegna undirbúnings að mati á umhverfisáhrifum Lyklafellslínu 1, sem nær frá tengivirki við Lyklafell um Hrauntungur í Hafnarfirði.

*Heilbrigðisnefnd tilnefnir Hörð Þorsteinsson sem aðalfulltrúa og Lindu Hrönn Þórisdóttur sem varafulltrúa.*

### 6.3 Greining KPMG á opinberu eftirliti.


Lögð fram skýrsla KPMG um opinbert eftirlit á grundvelli laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og laga nr. 93/1995 um matvæli. Jafnframt er óskað eftir tillögum heilbrigðisnefndar að umbótum á tilhögun eftirlits á grundvelli skýrslunnar. Þess er óskað að tillögurnar berist KPMG eigi síðar en 11. september næstkomandi.


*Heilbrigðisnefnd fagnar gerð skýrslunnar, en í henni eru dregnar fram megin línur um framkvæmd opinbers eftirlits hvað varðar hollustuhætti og mengunarvarnir og matvælaeftirlit. Tekið er undir þær ábendingar sem fram koma í skýrslunni að áfram þurfi aukna samræmingu á verklagi og skráningu meðal eftirlitsaðila til að uppfylla fyrirmæli gildandi laga um samræmt verklag. Þá tekur nefndin undir það sjónarmið að störf heilbrigðiseftirlits séu ekki eingöngu í eftirliti með matvælum, hollustuháttum og mengandi starfsemi, heldur séu eftirlitin einnig þjónustuaðili fyrirtækja og veiti leiðbeiningar og fræðslu um starfsleyfisskilyrði og önnur atriði þar sem staðbundin þekking í héraði er mikilvæg.*

Mikil samhljómur er milli heilbrigðiseftirlitsvæða um að nógildandi fyrirkomulag opinbers eftirlits sé skilvirkt en sjálfsagt sé að auka samvinnu og leita leiða til að ná fram aukinni samræmingu. Samþykkt hefur verið að Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi taki saman athugasemdir og ábendingar og á grundvelli skýrslunnar.


6.4 Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir sem tóku breytingum 1. júlí s.l.


Lagt fram til kynningar frumvarp um breytingar á lögum nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Markmið breytinga sem lagðar eru til í frumvarpinu miða að því að dregið verði úr vægi starfsleyfis- og skráningarskyldu og einungis verði gerð krafa um að starfsemi sé háð starfsleyfi eða skráningu þegar þess gerist þörf með tilliti til umfangs og eðli starfseminnar.


  
Jón Haukur Ingvason

  
Linda Hrönn Þórisdóttir

Sigurður Grétarsson

  
Gnýr Guðmundsson

  
Ingibjörg Hauksdóttir

  
Hólmfríður Þórisdóttir

Ingibjörg Hauksdóttir

Hólmfríður Þórisdóttir



## Stjórn SSH 501. fundur

Mánudaginn 7. september 2020, kl. 11:30, kom stjórn SSH saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi 7, Garðabæ.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, stjórnarmenn í SSH og Rósa Guðbjartsdóttir formaður stjórnar. Þá Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Fyrir liggur minnisblað frá framkvæmdastjóra ásamt drögum að innleiðingaráætlun vegna áframhaldandi vinnu við verkefnið ásamt kostnaðaráætlun. Fyrsti fasinn í þeirri vinnu er að greina og flokka verkefni byggðasamlaganna.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að haldið verði áfram með verkefnið í samræmi við framlagða innleiðingaráætlun og er framkvæmdastjóra falið að koma innleiðingaráætluninni til framkvæmdar með hliðsjón af þeim forsendum sem fram koma í minnisblaði.

### 2. Stafrænt ráð sveitarfélaga / málsnr. 2005009

Fyrir liggur erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, með beiðni um að stjórnir landshlutasamtaka tilnefni fulltrúa í stafrænt ráð sveitarfélaga. Ráðinu er ætlað að vera ráðgefandi við stefnumótun og ákvarðanatöku sambandsins um samstarf sveitarfélaga í stafrænum málum en jafnframt liggja fyrir drög að erindisbréfi ráðsins.

Þá liggur fyrir boð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um að halda kynningu á stafrænni þróun fyrir stjórnendur og starfsmenn sveitarfélaga.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að tilnefna Áslaugu Huldu Jónsdóttur sem fulltrúa SSH í stafrænu ráði sveitarfélaga.



### 3. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Staða verkefna og minnisblað frá Vegagerðinni lagt fram. Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri kynnur.

Tillaga um að fundur með öllum kjörnum fulltrúm á höfuðborgarsvæðinu verði haldinn föstudaginn 25. september 2020 þar sem farið verði yfir stöðu verkefna samgöngusáttmálans.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Ákveðið að halda fund með öllum kjörnum fulltrúum á höfuðborgarsvæðinu þann 25. september.

### 4. Aðalfundur SSH 2020 / málsnr. 2009001

**Gerð er tillaga um að aðalfundur SSH verði haldinn föstudaginn 13.nóvember 2020** ásamt ársfundi byggðasamlaganna og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins.

Umræða.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn ákveður að halda aðalfund SSH og byggðasamlaganna hinn 13. nóvember 2020 og verður fundurinn haldinn í Reykjavík.

### 5. Covid-19 / málsnr. 2003006

Fjárhagslegar greiningar á áhrifum Covid-19 á sveitarfélögin. Framhald umræðu frá 496. fundi.

Umræður um fjárhagslega stöðu og fyrirséð neikvæð fjárhagsleg áhrif af Covid-19 á sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Samkvæmt samantekt sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa unnið er tekjutapið áætlað um 19 milljarðar króna á árinu 2020. Þá eru óátalin þau neikvæðu áhrif sem faraldurinn hefur haft á fjárhag byggðasamlaganna og annan samrekstur sveitarfélaganna.

Ástæðan er almennt minni umsvif í efnahagslífinu vegna faraldursins og áhrifa sem hann hefur valdið. Í því samhengi má nefna að samkvæmt skýrslu Bygðastofnunar frá 19. maí 2020 eru 43% gistinguáttá höfuðborgarsvæðinu og 92% einstaklinga sem nýta gistingu af erlendu þjóðerni. Þá er ljóst að kostnaðaraukinn vegna áhrifa af faraldinum verður töluverður m.a. vegna hækkunar framlaga til velferðarþjónustu þ.m.t. félagslegarar þjónustu, fjárhagsaðstoðar og vegna húsnæðisbóta.

Niðurstaða samantektar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er í nokkru samræmi við niðurstöður starfshóps um fjármál sveitarfélaganna þar sem áætlað er að samanlögð rekstrarniðurstaða sveitarfélaganna allra verði verri sem nemur 26,6 milljörðum á árinu 2020. Að auki er gert ráð fyrir auknum fjárfestingum, til örvunar efnahagslífs, sem nema 6,5 milljörðum króna. Í því samhengi má benda á að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu ætla, skv.



fjárhagsáætlunum þeirra á árinu 2020 og 2021, að framkvæmda fyrir um 110 milljarða kr. Þar með eru talin umfangsmikil samstarfsverkefni s.s. vegna Samgöngusáttmálans og uppbyggingar á skíðasvæðinum í Bláfjöllum.

**Niðurstaða fundar:**

Framkvæmdastjóra er falið að taka saman þá kostnaðarþætti sveitarfélaganna sem rekja má til áhrifa af Covid-19 þannig að útgjaldaaukningin liggi fyrir samhliða upplýsingum um tekjutap sveitarfélaganna.

*Fundi frestað.*

*Fundi fram haldið kl. 13:30:*

**6. Stofnun verkefnaráðs vegna Lyklafellslínu 1.**

Fyrir liggur erindi frá Landsneti, með beiðni um að SSH tilnefni fulltrúa í verkefnaráði vegna Lyklafellslínu 1. Verkefnaráðinu er ætlað að vera samráðsvettvangur hagsmunaaðila sem komi saman með jöfnu millibili til að tryggja virkara samtal, aukinn skilning og betra upplýsingaflæði í tengslum við framkvæmdina. Jafnframt hefur verið óskað tilnefninga frá viðkomandi sveitarfélögum, Hafnarfjarðarbæ, Kópavogsbæ, Garðabæ og Mosfellsbæ.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn samþykkir að tilnefna Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóra, sem fulltrúa SSH.

**7. Svæðisskipting fyrir manntal árið 2021.**

Fyrir liggur erindi frá Byggðastofnun með tillögu um svæðaskiptingu landsins, í talningarsvæði og smásvæði, í tengslum við undirbúning að manntali og óskað er athugasemda við tillöguna.

Gerð er tillaga um að erindi þessu verði vísað til meðferðar Svæðisskipulagsnefndar.

**Niðurstaða fundar:**

Stjórn samþykkir að vísa erindinu til meðferðar Svæðisskipulagsnefndar.

**8. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002**

Lagt fram tímabilsuppgjör er varðar undirbúning Borgarlínu. Staða verkefna Borgarlínu voru kynnt í minnisblaði undir dagskrárlið 3..

Umræður.

**9. Skilavegir – yfirfærsla vega til sveitarfélaga / málsnr. 1910012**

Farið yfir stöðu verkefnisins og síðustu fundargerðir auk greinargerðar lagðar fram til kynningar. Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri, kynnir stöðu verkefnisins.





Umræður.

**10. Hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga / málsnr. 2007003**

Framhald umræðu frá 499. fundi. Skilafrestur umsagnar er til 15. september 2020.

Umræður.

**Niðurstaða fundar:**

Framkvæmdastjóra falið að skila inn umsögn í samráði við stjórn..

**11. Fundargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.**

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 62. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál hinn 8. júní 2020.

**12. Fundargerðir stjórnar Sorpu bs.**

Lagðar fram til kynningar ásamt fundargögnum:

Fundargerð 430. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 9. júlí 2020.

Fundargerð 431. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 31. júlí 2020.

**13. Fundargerðir stjórnar Strætó bs.**

Lögð fram til kynningar ásamt fundargögnum:

Fundargerð 325. fundar stjórnar Strætó bs. hinn 19. júní 2020.

**14. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 886. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga hinn 28. ágúst.

**15. Fundargerð stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga.**

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 325. fundar stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga hinn 29. júní 2020.

**16. Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.**

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 57. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hinn 3. júlí 2020.

**17. Ferðaþjónusta fyrir fatlað fólk /málsnr. 1711002**

*Rósa Guðbjartsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Karl M. Kristjánsson yfirlögðu fundinn. Gunnar Einarsson varaformaður tók við fundarstjórn undir þessum fundarlið.*



Útboði Strætó bs. um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu nr. 14799 er lokið og voru Hópbílar hf. með lágsta gilda tilboð. Samningur á grundvelli útboðsgagna og tilboðs hefur þegar tekið gildi og liggur fyrir.

**Niðurstaða fundar:**

Strætó bs. veitt heimild til að skrifa undir umræddan samning. Er skrifstofu SSH falið að senda aðildarsveitarfélögunum samninginn til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00

**Bæjarstjórn Garðabæjar**

**Tillaga:**

Bæjarstjórn samþykkir að hafinn verði undirbúningur að íþróttahátíð og menningarhátíð í Garðabæ á vormánuðum 2022 í nýju fjölnota íþróttahúsi í Vetrarmýri.

Íþróttá- og tómstundaráði og menningar- og safnanefnd er falið að hafa umsjón með undirbúningi hátíðanna.

**Greinargerð:**

Gert er ráð fyrir að nýtt fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri verði tilbúið til notkunar í desember 2021 og fullklárað í febrúar 2022. Mikilvægt er að hefja undirbúning að formlegri opnun hússins. Gert er ráð fyrir að íþróttá- og tómstundaráð og menningar- og safnanefnd verði með málið eftir atvikum á dagskrá sinni á meðan á undirbúningi stendur. Við undirbúning verði lögð áhersla á að undirstrika möguleika á fjölnota notkun hússins og að viðtæk samvinna og samráð verði við hina ýmsu hagsmunaaðila. Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2021 og 2022 verði tekið tillit til nauðsynlegrar fjárfestingar í búnaði og tækjum vegna fyrirhugaðra hátíða.

**Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar**

**Björg Fenger, formaður íþróttá- og tómstundaráðs**

**Gunnar Valur Gíslason, formaður menningar- og safnanefndar**

## **Tillaga Garðabæjarlistans um árshlutauppgjör Flutningsmaður: Sara Dögg Svanhildardóttir**

Garðabæjarlistinn leggur fram tillögu um breytta framsetningu árshlutauppgjörs sveitarfélagsins um að þeim fylgi ítarlegri greinargerð en nú er. Í greinargerð skal, gerð grein fyrir fjárhagslegri stöðu sviða, stöðu á lóðasölu og viðaukum, þar sem við á. Árshlutauppgjör skal gefa skýra og gagnsæja mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og lagt fram á 3ja mánaða fresti.

### **Greinargerð**

Við í Garðabæjarlistanum teljum mikilvægt að við fjárhagsáætlunargerð liggi fjárhagsleg staða sveitarfélagsins fyrir, með eins gagnsæjum og upplýsandi hætti og mögulegt er. Í því felst að gerð sé grein fyrir stöðu hvers sviðs með greinargerð. Slíkt vinnulag styður enn frekar við aðhald og fagleg vinnubrögð stjórnsýslunnar og meðvitund um þá fjármuni sem eru undir. Þegar hefur komið fram að slíkt þurfi að styrkja, í úttekt Haraldar á stjórnsýslu sveitarfélagsins.

Fyrirkomulag upplýsingagjafar um fjárhagslega stöðu sveitarfélagsins, eins og hún er lögð fram, gefur almennum bæjarfulltrúa ekki nægjanlega yfirsýn yfir stöðuna að okkar mati. Fjárhagsáætlunargerð er vandasöm og til þess að vel takist til og til þess að bæjarfulltrúar geti tekið upplýstar ákvarðanir um forgangsröðun fjármagns skiptir máli að hafa eins góða yfirsýn og mögulegt er. Og aldrei er erindið brýnna en í þeim aðstæðum sem við okkur blasa nú.